UMSÓKN UM LÓÐ

Lóð 11, landeign L236900, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp

Reykjanesi, 1. september 2026

Umsækjandi

Saltverk ehf., kt. 670208-0790
Reykjanesi, 401 Ísafjörður
Tengiliður: Björn Steinar Jónsson, framkvæmdastjóri
Sími +354 664 2814, bjorn@saltverk.is

Lóð sem sótt er um

Lóð 11, landeign L236900, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Súðavíkurhreppi.
Lóðin var stofnuð og skipulögð á sínum tíma fyrir tilstilli Saltverks ehf. og liggur fyrir í deiliskipulagi svæðisins.

Efni umsóknar

Saltverk ehf. sækir hér með um úthlutun ofangreindrar lóðar og óskar eftir að gerður verði lóðarleigusamningur um hana.

Um starfsemina

Saltverk ehf. hefur framleitt sjávarsalt í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp frá árinu 2011. Framleiðslan byggir á jarðvarma til uppgufunar og fer í dag fram í leiguhúsnæði á lóð 8. Félagið selur afurðir sínar á Íslandi, í Bandaríkjunum og í Evrópu og hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár.

Fyrirhugaðar framkvæmdir

Fyrirhugað er að reisa nýtt framleiðsluhúsnæði á lóðinni. Fyrsti áfangi er um 500 m² og gert er ráð fyrir frekari áföngum síðar eftir því sem starfsemin vex.

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í september 2026 og að fyrsta áfanga ljúki vorið 2027.

Annað

Þar sem um er að ræða langtímafjárfestingu í framleiðsluhúsnæði óskum við eftir að lóðarleigusamningurinn verði til sem lengst tíma, og að tekið verði fram að mannvirki á lóðinni séu eign Saltverks ehf. með eigin fasteignanúmeri.

Okkur er kunnugt um að Ísafjarðarbær er landeigandi og óskum þess að ganga frá samningi við bæinn.

Virðingarfyllst,

Björn Steinar Jónsson
framkvæmdastjóri, Saltverk ehf.